



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. desember 2004

Vegna: Umsagnar um Frumvarp til laga um græðara 246. mál

Sérfróðir aðilar innan læknadeildar hafa fjallað um frumvarpið og gefið deildarforseta álit sitt. Við erum sammála um að gera tvær athugasemdir við frumvarpið sjálft.

1. Það kemur ekki nægjanlega skýrt fram í lögnum að græðarar muni sæta eftirliti landlæknis (sbr. 18. gr. læknalaga). Þetta þarf að koma skýrt fram og helst í sjálfstæðri setningu þannig að það fari ekki á milli mála t.d í 3. eða 9. grein frumvarpsins

2. Ekki kemur fram í lögnum hvort græðara sé skylt að veita lækni upplýsingar um þá meðferð sem hann hefur beitt á sjúkling. Setja mætti setningu um slíkt í t.d 5 grein og gæti hún hljóðað svo “Græðara ber þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar að veita öðrum heilbrigðisstéttum upplýsingar sé um að ræða rannsóknir og meðferð sjúklinga” (sbr 15 gr. Læknalaga).

Síðan eru nokkur atriði sem læknadeild vill gjarnan varpa fram til ihugunar

Í annarri málsgrein 2. gr. Frumvarpsins segir “Slík þjónusta felur meðal annars í sér meðferð á líkama einstaklings ...” Það gæti reynst erfitt að túlka hvað felst í orðalaginu “meðferð á líkama einstaklings” t.d. hvort það að gefa jurtaseyði, smáskamta og fleira fellur undir það.

Í lok fyrstu málsgreinar, 2.gr. er talað um “hver sé starfsgrein þeirra”. Athuga ætti hvort ekki væri betra að tala um starfsvið frekar en starfsgrein.

Í lok 5. gr. Segir “Um vitnaskyldu græðara gildi ákvæði læknalaga” Læknadeild telur þetta hæpið þar sem græðarar hafa ekki þá menntun og starfsheimild sem liggur að baki læknisstarfinu. Það myndi þýða að eftirfarandi gildi “Græðari verður ekki leiddur fram sem vitni í einkamálum gegn vilja skjólstæðings nema ætla megi að úrslit málsins velti á vitnisburði hans eða málið sé mikilvægt fyrir málsaðila eða þjóðfélagið, hvort tveggja að mati dómara. Í slíkum tilvikum ber græðara að skýra frá öllu sem hann veit og telur að hugsanlega geti haft áhrif á málið. Slíkur vitnisburður skal fara fram fyrir luktum dyrum”
Læknadeild telur þetta vafasamt.

Í 7. gr. Frumvarpsins eru notaðar þrjár skilgreiningar sem erfitt verður að túlka. Í fyrsta lagi er talað um “alvarlega sjúkdóma” án þess að það sé skilgreint nánar. Á sama hátt er talað um “alvarlega áhættu” án frekari skilgreiningar. Í þriðja lagi er sett það skilyrði fyrir meðhöndlun græðara á alvarlegum sjúkdómum að “sjúklingur óskar eftir þjónustu græðara eftir samráð við lækni”. Hér kemur ekki skýrt fram í hverju samráðið felst. Það er skilningur læknadeildar að samþykki bæði sjúklings og læknis þurfi fyrir meðferð græðarans í þessu tilfalli, það er þó álit margra að samráð merki einungis að samræður hafa átt sér stað en þurfi ekki að fela í sér sameiginlega niðurstöðu sjúklings og læknis. Þetta allt mætti þó skilgreina nánar í reglugerðinni.

Virðingarfyllst

Stefán B. Sigurðsson
Forseti læknadeildar

